

Ágæta sveitarstjórn og sveitarstjóri

Stjórn Reykjanesfólkvangs hefur undanfarna vetur staðið fyrir ítarlegri skoðun á hlutverki fólkvangsins og framtíðarþróun hans. Greiningarvinna ráðgjafa stjórnar var gerð möguleg með dyggri aðstoð frá Reykjavíkurborg. Jafnframt hefur verið byggt á góðri vinnu fyrri stjórn fólkvangsins.

Í apríl s.l. voru drög stjórnar að stjórnunaráætlun fyrir svæðið kynnt almenningi og opnað fyrir að gerðar yrðu athugasemdir við drögin. Stjórn fólkvangsins mun enn halda áfram að vinna að því verkefni á árinu og leggja fyrir stjórnir aðildarsveitarfélaganna tillögu að áætlun síðar á árinu. Þá er vakin athygli á því að Umhverfisstofnun hefur verið falið að endurnýja auglýsingu fyrir fólkvanginn.

Að sinni eru tvö málefni sem stjórn fólkvangsins telur brýnt að vekja athygli á og óskað er viðbragða við.

I.

Í fyrsta lagi er stefnt að frekara samstarfi um landvörslu og stefnumörkun við Bláfjallafólkvang. Í því skyni var samþykkt á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eftirfarandi bókun á fundi 10. desember s.l.

„Stjórn SSH beinir því til þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að Bláfjallafólkvangi að kjósa fulltrúa í stjórn fólkvangsins sem sé (eftir atvikum) sá sami og í stjórn Reykjanesfólkvangs (eigi þau slíkan fulltrúa). Þar með væri stigið fyrsta skrefið í að sinna fólkvanginum og gera það í samhengi við Reykjanesfólkvang. Næsta skref væri að sameina stjórnir fólkvanganna formlega.“

Stjórn Reykjanesfólkvangs vekur athygli á þessum tilmælum og beinir því til sveitarstjórna utan SSH sem jafnframt eiga aðild að Bláfjallafólkvangi að gera slíkt hið sama. Til áréttingar þá eru aðilar að Bláfjallafólkvangi eftirtalin sveitarfélög skv. upprunalegri auglýsingu og núverandi sveitarfélagamörkum: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Sandgerði, Ölfus, Garður, Vogar.

II.

Í öðru lagi virðist stjórn fólkvangsins að rekstrarfé muni ekki nægja til að sinna landvörslu, verkstjórn sjálfbóðaliða og stefnumörkun fyrir fólkvanginn á komandi ári. Þá er óvíst með fyrirkomulag við rekstur salerna í Seltúni sem landvörður hefur sinnt s.l. ár. Sú aðstöðubót hefur þó þýtt afskaplega mikið fyrir Seltún sem áfangastað ferðamanna en svæðið er meðal áfangastaða á allra vinsælustu leiðum farþega skemmtiferðaskipa frá Reykjavík og Hafnarfirði svo dæmi sé nefnt. Stjórnin telur að meira en 100.000 gestir sæki hverasvæðið við Seltún heim á árinu, allri ferðamennsku á landinu til framdráttar. Óskandi væri að þjónusta gæti verið þar stærri hluta ársins. Þá mun hlutverk stjórnarinnar og starfsmanns hennar breikka nokkuð með þeim breytingum sem tilgreindar eru í liðnum hér á undan vegna sameiginlegrar stjórnar Bláfjalla- og Reykjanesfólkvanga.

Óskað er eftir að aðildarsveitarfélögin auki framlag sitt til rekstrar fólkvangsins í kr. 35 á hvern íbúa svo hægt verði að sinna því eftirliti og framkvæmdum sem nauðsynlegar eru að mati stjórnar fólkvangsins. Hingað til hefur verið miðað við kr. 17 á hvern íbúa sem skilar stjórn fólkvangsins 3,6 milljónum í rekstrarfé en við áætlum að fjárþörf sé nær 7-8 milljónum árlega fyrir lágmarks þjónustu.

F.h. stjórnar Reykjanesfólkvangs,

Sverrir Bollason, formaður.